

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Berist til Guðna Ólgeirssonar

Efni: Greinagerð fulltrúa foreldra um samræmd próf, innritun í framhaldsskóla og útskrift nemenda áður en 10 ára skyldunámi lýkur. Ósk allsherjarnefndar um samráð við hagsmunaðila.

Það er fagnaðarefni að fulltrúar foreldra í gegnum landssamtök foreldra, Heimili og skóla hafi verið kallaðir til sérstaks samráðsfundar með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna breytinga á reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla í tengslum við samræmd könnunarpróf.

Umfangsmiklar breytingar á menntakerfinu hafa tekið gildi á skömmum tíma. Við teljum misráðið að svo miklar og misvel undirbúnar breytingar hafi ítrekað tekið gildi á lokaári nemenda í grunnskóla, sbr. innleiðingu nýs námsmats og einkunnakerfis og rafrænna samræmdra könnunarprófa. Þá hafa yfirvöld menntamála ítrekað kynnt breytingar á miðju skólaári, sem hafa tekið gildi strax, þrátt fyrir fyrri tilmæli Umboðsmanns Alþingis þess efnis að ráðuneytið gæti þess að tilkynna um breytingar á stjórnsýsluframkvæmd með hæfilegum fyrirvara.

Það er sjálfsögð og eðlileg krafa að í upphafi skólaárs sé nemendum og foreldrum þeirra kunnugt hvernig og með hvaða hætti nám nemenda verður metið við lok grunnskólans og hvernig innritun í framhaldsskóla verður háttað þá um vorið. Forsenda árangurs í námi eða starfi er að vita til hvers er ætlast og fyrir liggja viðmið um árangur. Undanfarin ár hafa þessar forsendur oft ekki legið fyrir á útskriftarári nemenda úr grunnskóla og reglum hefur verið breytt á miðju ári. Þrátt fyrir það hefur viðbrögðum, áhyggjum og óvissu, nemenda og foreldra vegna þessara síðbúnu ákvarðanna oftar en ekki verið mætt með hroka og skilningsleysi. Það er íþyngjandi fyrir alla aðila skólasamfélagsins að svo miklar breytingar taki gildi á lokaári grunnskólans. Við teljum að það eigi að hlífa nemendum á lokaári í grunnskóla við svo umfangsmiklum breytingum og innleiða þess í stað breytingar á fyrri skólastigum t.d. í 8. bekk og leyfa þannig nemendum og starfsfólki skóla að fá góðan tíma til innleiðingar og aðlögunar.

Ráðuneytið tilkynnti nýverið að ekki stæði til að breyta tilgangi samræmdra könnunarprófa, heldur sé það ætlunin að þróa þau þannig að þau þjóni tilgangi sínum betur. Nýlegar breytingar á reglugerð og aðalnámskrá, í tengslum við samræmd próf, teljum við vera misráðnar og óþarfar og helst til þess fallnar að auka vægi samræmdra prófa og stýringaráhrif þeirra. Þessar breytingar stríða gegn yfirlýstum tilgangi samræmdra prófa sem stöðu- og leiðsagnarpróf fyrir nemendur og skóla og auk þess virðist sem sum ný ákvæði reglugerðarinnar standist ekki lög um grunnskóla.

Við innleiðingu umfangsmikilla breytinga á menntakerfinu undanfarin ár hefur framgangna mennta- og menningarmálaráðuneytis og Menntamálastofnunar, skortur á faglegri forystu, upplýsingagjöf og leiðsögn, síst verið til þess fallin til þess að skapa frið og ró um skólastarf í landinu. Það verður að gera þá kröfu að yfirvöld menntamála hafi ávallt hagsmuni nemenda að leiðarsljósi. Skólastarf snýst um nemendur, velferð þeirra og árangur í námi, ekki stofnanir, kerfi eða kjörtímabil.

Hér koma helstu athugasemdir vegna þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á reglugerð um samræmd próf, innritun í framhaldsskóla og kafla aðalnámskrár sem lýtur að útskrift nemenda áður en 10 ára skyldunámi lýkur.

REGLUGERÐ UM FYRIRKOMULAG OG FRAMKVÆMD SAMRÆMDRA PRÓFA.

Breytingar á reglugerð um samræmd próf stenst ekki grunnskólalög. Foreldrar og nemendur eiga samkvæmt grunnskólalögum skýlausan rétt á að skoða metin verkefni nemenda og þau próf sem lögð eru fyrir nemendur, ekki bara prófaurlausnir. Það er ótækt að hagsmunir og réttur nemenda og foreldra þeirra hafi með þessum hætti verið látinn víkja fyrir hagsmunum stofnunar vegna breytinga á kerfi og þróunar prófabanka.

Í reglugerðinni kemur fram að prófaurlausnir verði gerðar aðgengilegar en að Menntamálastofnun sé ekki skylt að birta prófaatriði samræmdra könnunarprófa hverju sinni enda séu þau endurnýtt við að þróa prófabanka fyrir einstaklingsmiðuð samræmd próf. Í 27. grein laga um grunnskóla er hins vegar kveðið á um að nemendur og foreldrar þeirra eigi rétt á upplýsingum um niðurstöður mats, matsaðferðir og matstæki, þar með talið að skoða metin verkefni og prófaurlausnir.

Í dag er talið mikilvægt að rækta með nemendum þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkir þá í framtíðinni að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Það eru sjálfsgöð réttindi nemenda, óháð aldri, að skoða metin verkefni sín, ekki bara upplýsingar um einkunnir úr einstökum prófhlutum og aðgengi að sambærilegum verkefnum sem prófa sömu hæfni. Á mannamáli þýðir þetta að foreldrar og nemendur eiga að geta séð svörin en ekki spurningarnar og dregið af því vitrænar ályktarnir hvernig svör þeirra hafi verið metin. Þessi hugmyndafræði stenst hvorki grunnskólalög né heilbrigða skynsemi.

Það er áhyggjuefni að stofnanir ríkisins hafi lagt það til að neita nemendum og foreldrum þeirra að fá aðgang að gögnum sem þá varða, metin prófverkefni, og að reglugerðin hafi verið samþykkt af ráðherra.

Óásættanlegir starfshættir og skortur á upplýsingagjöf til aðila skólasamfélagsins hafa einkennt framkvæmdina. Að kynna umfangsmiklar breytingar sem varða samræmd próf degi áður en nemendur eiga að þreyta þau eru fráleit og óásættanleg vinnubrögð og er síst til þess fallið að skapa nemendum öryggi og festu í námi og frið um skólastarf. Það verður að gera þá kröfu til yfirmanna menntamála að hafa ávallt hagsmuni nemenda og skólasamfélagsins að leiðarljósi.

Á heimasíðu ráðuneytisins er vakin athygli á því að innleiðing rafrænna samræmdra könnunarprófa felur í sér miklar breytingar á kerfinu. Reglugerðin um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa er undirrituð föstudaginn 3. mars, hún er kynnt á vef ráðuneytisins mánudaginn 6. mars, samræmd próf í grunnskólum landsins hófust degi síðar, eða þriðjudaginn 7. mars. Fram hefur komið mikil gagnrýni frá aðilum skólasamfélagsins varðandi undirbúning, upplýsingagjöf og kynningu á prófunum. Gagnrýnt hefur verið að svör ráðuneytis og Menntamálastofnunar við fyrirsprungnum hafi verið óljós og að t.d. hafi ekki verið ljóst hvaða hæfniviðmið hafi verið til grundvallar í samræmdu prófi í 9. bekk, sem leggja átti fyrir í fyrsta sinn. Fleira hefur verið gagnrýnt svo sem að tvö próf hafi verið lögð fyrir sama dag, tækjabúnaður skóla og aðstæður nemenda við fyrirlögn í skólum mjög ólíkur og það hefði mátt kynna betur að nemendur myndu taka ólík próf.

REGLUGERÐ UM INNTRITUN NEMENDA Í FRAMHALDSSKÓLA.

Breyting á reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla til þess ætluð að auðvelda framhaldsskólum þegar velja þarf úr hópi umsækjanda var óþörf, skammsýn og vanhugsuð. Það eru sérstaklega slæmt að ráðuneytið kynni breytingar á miðju skólaári sem varða hagsmuni nemenda á lokaári þeirra í grunnskóla, breytingar sem eiga að taka gildi strax á yfirstandandi skólaári.

Aukið vægi samræmdra rafrænna könnunarprófa, sem eru í þróun, við innritun nemenda í framhaldsskóla getur haft alvarlegar afleiðingar á þróun skólastarfs. Það var mikil ánægja með það á sínum tíma að samræmd próf voru ekki lengur skilgreind sem lokapróf og að stýringaráhrif þeirra myndu þá minnka í þróun skólastarfs. Mikill fjöldi nemenda af öllu landinu sækir um vinsæla framhaldsskóla sem fyrsta val, þar sem hefur þurft að velja úr umsóknum. Breytingar sem þessar sem kynntar eru á miðju skólaári valda því eðlilega óróa, óvissu og reiði meðal nemenda og foreldra, enda er verið að breyta reglunum í miðjum leik. Það er áhyggjuefni að vægi þeirra námsgreina sem prófað er í geta aukist á kostnað annarra námsgreina, en nýverið hefur verið staðfest að nemendur eru ekki að fá lögbundinn fjölda kennslustunda í list- og verkgreinum eins og þeim ber skv. lágmarksviðmiðum í aðalnámskrá. Meðfylgjandi er áskorun fulltrúaráðs Heimilis og skóla til mennta- og menningarmálaráðherra, dags. 22. mars 2017 sem snýr að samræmdum prófum og inntöku í framhaldsskóla.

Hvað varðar heimild framhaldsskóla til að taka mið af öðrum viðbótargögnum en samræmdum könnunarprófum sem nemandi kýs að senda inn með umsókn sinni, svo sem staðfestar upplýsingar um þátttöku og árangur í félagsstarfi, öðru námi, keppnum af ýmsu tagi, svo sem íþróttum, listum, tungumálum og raungreinum og niðurstöður samræmdra könnunarprófa, þá felur þetta ekki í sér neinar meiriháttar breytingar og er í samræmi við ólíkar áherslur framhaldsskólanna og námsbrauta þeirra. Fyrir nemendur sem t.d. sækja um á íþrótt- og listabrautum getur vitnisburður um árangur og ástundun í þessum greinum utan venjulegs skólastarfs verið mikilvægur. Það mætti kannski einna helst gera athugasemdir við að ekki er minnst á vitnisburð um skólasókn í þessu samhengi. Sumir framhaldsskólar sem bjóða upp á krefjandi bóknám taka mið af einkunum nemenda í einstökum námsgreinum, en nefna auk þess vitnisburð um skólasókn. En vitnisburður um ástundun nemenda er ekki tilgreindur sérstaklega á rafrænu vitnisburðarskírteini né í þessari reglugerð. Áður var vitnisburður um skólasókn á prófskírteini við lok grunnskólans. Í þessu samhengi er samt ástæða til að staldra aðeins við og velta fyrir sér aðstöðumun barna, ólíkum tækifærum þeirra til að stunda t.d. listnám eða taka þátt í íþrótt- eða tólmundastarfi. Það er gott að hafa í huga að þrátt fyrir að á Íslandi sé jöfnuður hve mestur í Evrópu, eiga samt um 14% barna hér á landi á hættu að búa við fátækt og félagslega einangrun. Þetta eru meira en 10.000 börn. Jöfn tækifæri barna og ungmenna til menntunar er ein mikilvægasta leið ungs fólks til að brjótast úr viðjum fátæktar.

Ítrekað hefur komið fram að skólameistarar framhaldsskólanna treysta sér fullkomlega til að meta nemendur út frá hæfnimiðuðum lokeinkunum þeirra úr grunnskóla. Framhaldsskólar á landinu er eins og ólíkir og þeir eru margir, og námsframboðið er mjög fjölbreytt. Skólarnir setja sér sjálfir reglur um inntöku. Þeim er heimilt að gera sérstakar kröfur um undirbúning og námsárangur og kynna þær á heimasíðum skólanna. Þeir framhaldsskólar sem hafa þurft að velja úr stórum hóp hafa kynnt sérstaklega vægi einstakra námsgreina og annarra þátta sem koma til skoðunar við mat umsókna. Um árábil hafa umsækjendur látið fylgja með ýmis gögn til að styðja við umsókn þeirra. Þessi breyting sem tók gildi á miðju skólaári um innritun nemenda í framhaldsskóla er óþörf og einungis til þess fallin að skapa óvissu og óróa um skólastarf og óöryggi meðal nemenda sem eru að ljúka grunnskólagöngu sinni.

BRAUTSKRÁNING ÁÐUR EN 10 ÁRA SKYLDUNÁMI ER LOKIÐ.

Breyting á aðalnámskrá grunnskóla varðandi útskrift nemenda áður en 10 ára skyldunámi lýkur var óþörf og virðist helst til þess fallin að staðfesta vilja ráðamanna menntamála um að auka almennt vægi samræmdra könnunarprófa þvert gegn yfirlýstum tilgangi og markmiðum þeirra sem stöðu og leiðsagnarprófa.

Þann 11. janúar 2017 var kynnt á heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytisins staðfesting mennta- og menningarmálaráðherra á breytingum á aðalnámskrá grunnskóla. Breytingar felast helst í því að ef niðurstöður samræmdra könnunarprófa sýna að nemandi í 9. bekk hefur sýnt framúrskarandi (A) eða góða hæfni (B) samkvæmt hæfnikröfum 10. bekkjar og náð framúrskarandi árangri í öðrum greinum geta foreldrar óskað eftir því við skólastjóra grunnskóla að barn þeirra sé útskrifað úr grunnskóla áður en tíu ára skyldunámi er lokið.

Mikilvægt er að líta heildstætt á skólagöngu barns, ekki bara árangur þess í námi, heldur einnig félagsþroska. Ráðuneytið og Menntamálastofnun ættu fremur að gæta hagsmuna nemenda á þann hátt að bráðger börn fái aukin tækifæri til að dýpka nám sitt á meðan grunnskólagöngu þeirra stendur. Það er brýnna að þessi börn fái meira krefjandi verkefni í grunnskólanum, í stað þess að flýta inntöku þeirra í framhaldsskóla þar sem ekki er haldið eins vel utan um einstaka nemendur og námshópa, eins og gert er í grunnskólanum. Stytting náms barna hefur um árabil farið fram á ýmsum skólastigum í takt við þroska þeirra og getu. Foreldrar hafa alltaf getað óskað eftir því við skólastjóra að barn þeirra sé útskrifað úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi lýkur, óháð niðurstöðu samræmdra prófa.

Með kærri kveðju,

Fulltrúar samtaka foreldra sem mættu á samráðsfund með fulltrúum MRN þann 7. apríl 2017

Birgitta Bára Hassenstein, fh SAMFOK, samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík
Þorvar Hafsteinsson, fh. SAMKÓP, samtök foreldrafélaga grunnskóla í Kópavogi
Þröstur Jónasson, fh. stjórnar Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra